



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð  
í kínverskum fræðum**

**Barátta kínverskra kvenna seinustu 10 ár**  
Hið flókna samband Kínverska kommúnistaflokksins og  
kvenréttinda

**Saga Eir Svanbergisdóttir**

Leiðbeinandi: Geir Sigurðsson  
Febrúar 2024

**MÁLA- OG MENNINGARDEILD**

## **Barátta kínverskra kvenna seinustu 10 ár**

Hið flókna samband Kínverska kommúnistaflokksins og kvenréttinda

Saga Eir Svanbergsdóttir  
0707943579

Ritgerð til BA-prófs í kínverskum fræðum

Leiðbeinandi: Geir Sigurðsson

Mála- og menningardeild  
Hugvísindasvið Háskóla Íslands  
Október 2023

Barátta kínverskra kvenna seinustu 10 ár: Hið flókna samband Kínverska kommúnistaflokksins og kvenréttinda

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til Bakkalárs-prófs við Mála-og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Saga Eir Svanbergisdóttir, 2023

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

## **Þakkir**

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, dr. Geir Sigurðssyni, fyrir endalaus þolinmæði og leiðbeiningar við þessi ritgerðarskrif. Einnig vil ég þakka manninum mínum fyrir að hlusta að endalaust á mig ræða þessi ritgerðarskrif, ásamt móður minni fyrir að lesa yfir og leiðrétta hinar ýmsu málfarsvillur sem leyndust í textanum hjá mér.

## Ágrip

Í þessari ritgerð verður fjallað um afskipti Kínverska kommúnistaflokksins af baráttu og nokkrum helstu hreyfingum kínverska femínista sem berjast fyrir kvenréttindum í Kína. Að mestu verður einblínt á atburði og hreyfingar sem skotið hafa upp kollinum á síðastliðnum árum, þ.e. á öðrum og þriðja áratug 21. aldar, og reynt að leggja mat á þau áhrif sem ritskoðun og önnur bein afskipti stjórnvalda hefur haft á þá einstaklinga sem öðrum fremur hafa barist fyrir breyttum viðhorfum til stöðu kvenna í Kína.

Fyrst skal þó fjalla um stofnun Kínverska kommúnistaflokksins, þá opinberu afstöðu sem hann hafði til kvenréttinda og hvað hann tók sér fyrir hendur til að bæta stöðu kvenna. Einnig mun ég ræða um konur í stjórnámálum ásamt konunum sem hafa setið í stjórnarsætum.

Svo mun ég fíkra mig nær samtímanum, ræða um #MeToo byltinguna í Kína, áhrif hennar á kvenréttindi og viðbrögð stjórnvalda við henni. Farið verður yfir sögu femínistanna fimm og Peng Shuai, hvað þær gerðu til að vekja athygli stjórnvalda og refsingarnar sem þær voru beittar.

Í lokakaflanum fer ég í gegnum þau áhrif sem þriggja barna reglan hefur haft á kínverskar konur og gera grein fyrir þrýstingi Kommúnistaflokksins og samfélagsins á konur til að eignast börn og giftast snemma.

## **Abstract**

In this thesis I will discuss the interferences and censorship by the Chinese Communist party surrounding the women's rights battle in China as well as provide an account of the broader movements of Chinese feminists.

The focus will mostly be on relevant events and movements that have happened and developed during the past few decades of the 21<sup>st</sup> century and try to assess the effects that censorship and other various direct government interventions have had on those individuals who, more than others, have fought for the changed attitudes towards the status of women in China.

The first chapter is about the establishment of the Chinese Communist party, the official position it had on women's rights and what it undertook to improve the status of women in China. I shall also talk about women in politics as well the women who have been members of the government.

Then I will move closer to the present, talking about the #MeToo revolution in China, its impact on women's rights and the government's responses to it. This section will include a discussion of what happened to the group named the Feminist Five and Peng Shuai and what these women did to attract the attention of the government and the treatment (even punishment) they received.

In the final chapter, I will go through the effects that the three-child rule has had on Chinese women and outline the pressures that the Communist party and Chinese society in a broader sense has on women to marry early and bear children.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	7
2. Stofnun Kommúnistaflokksins í Kína og afstaða til kvenréttinda.....	9
3. #MeToo Byltingin í Kína .....	14
4. Femínistarnir fimm .....	19
5. Ritskoðun og fjölmiðlabann. ....	22
6. Staða kvenna í dag og „Afgangskonurnar í Kína.“ .....	25
7. Niðurstöður.....	26
Heimildaskrá.....	30
Viðauki.....	34





## 1. Inngangur

Eitt af grunnatriðum í hugmyndafræði kommúnismans er jafnrétti fyrir alla. Þótt ríkjum sem opinberlega aðhyllast kommúnisma hafi fækkað verulega síðan í upphafi tíunda áratugar 20. aldar er enn að finna fimm ríki í heiminum sem það gera. Þetta eru Norður Kóra, Víetnam, Kúba, Laos og Kína, sem er enn sem komið er fjölmennasta ríki heims. Í Kína hefur Kommúnistaflokkurinn verið við stjórnvölinn síðan 1949. Stuttu eftir valdatöku lét Mao Zedong þau orð falla að „konur halda uppi hálfum himninum“ og fólst í þeim orðum að stefnan væri sú að leggja áherslu á jöfn kjör kynjanna.

En að hversu miklu leyti hefur þetta raungerst? Þótt færa megi rök fyrir því að staða kvenna í Kína á 20. öld hafi verið skárri en margra kynsystra sinna í Asíu bendir ýmislegt til að Kommúnistaflokkurinn hafi á undanförunum árum dregið mjög úr áherslu sinni á kvenréttindi sem þar með hafi minnkað með hverju árinu sem líður.

Í þessari ritgerð mun ég fjalla um hið flókna sambandi sem er á milli Kínverska kommúnistaflokksins og kvenréttinda í Kína, ásamt því að greina frá þeim aðgerðum sem flokkurinn hefur beitt til að stemma stigu við kvenréttindum.

Fyrsti kaflinn greinir frá sögu kvenréttinda í Kína og tengsl þeirra við hugmyndafræði Kommúnistaflokksins, ásamt því að fjalla um stöðu kvenna í kínverskum stjórnámálum.

Næst verður einblínt á síðastliðin 10 ár í Kína og hinar ýmsu kvenréttindahreyfingar sem hafa orðið til, þ.á m. #MeToo hreyfinguna, hvernig hún ýtti undir að konur komu sögum sínum á framfæri þrátt fyrir mikla ritskoðun og gerð tilraun til að greina þær afleiðingar sem sú hreyfing hafði.

Í köflunum tveimur sem fylgja verða tekin raunverulega dæmi af nýlegum atburðum sem tengjast viðleitni kvenna til að vekja athygli á þeirri ósættanlegu stöðu sem kínverskar konur þurfa að þola. Annars vegar er fjallað um hinar svokölluðu „Feminist Five“, hverjar þær eru og hvað það var sem þær gerðu til að vekja athygli stjórnvalda á sér. Hins vegar verður rætt um Peng Shuai, kínversku tennisstjörnuna sem lenti í fjölmiðlabanni eftir að hafa tjáð sig um að hafa verið nauðgað af háttsettum embættismanni.

Í síðasta kaflanum verður rætt um stöðu kvenna í Kína á þessari stundu. Einkum verður litið til áhrifa þriggja barna reglunnar á konur og þann þrýsting sem settur er á þær af hendi stjórnvalda og samfélags að giftast ungar, eignast börn og koma þannig í veg fyrir að verða stimplaðar sem „afgangskonur“ (e. „leftover women“).

## 2. Stofnun Kommúnistaflokksins í Kína og afstaða til kvenréttinda

Árið 1919 gaf Mao Zedong, þá ungur að árum, út greinargerð um konu sem var kölluð Ungfrú Zhao. Í greinargerðinni segir Mao sögu hennar, að þegar ungfrú Zhao var á leið að hitta tilvonandi eiginmann sinn í fyrsta skiptið þá skar hún sig á háls stað þess fyrir að taka þátt í skipulögðu hjónabandi. Mao talar um dauða ungfrú Zhao sem afleiðingar spillts hjónabandskerfis og að þetta væri dökkur blettur á kínversku samfélagi. Hann orðar það svo að konum finnist þær ekki vera frjálsar fyrr en að lífi loknu því daglegt líf þeirra sé litað af ofbeldi. (Fincher, 2018) Mao var þannig einn af sporgöngumönnum kvenréttinda, a.m.k. í orði.

Nokkrum árum síðar eða árið 1926, á alþjóðlega kvennadeginum, voru skipulögð fjöldamótmæli til að krefjast þess að bundinn yrði endir á skipulögð hjónabönd, innleitt yrði frelsi til skilnaðar, jöfn laun fyrir karla og konur ásamt því að bannað yrði með lögum að halda úti hjákonum, ástunda fjölkvæni, selja barnabréðir til tilvonandi eiginmanna, sem og vændi og þrælahald. (Fincher, 2018)

Mótmæli sem þessi og áframhaldandi umræða um tengd mál stuðluðu að því að fljótlega eftir stofnun Alþýðulýðveldisins Kína, eða árið 1950, voru innleidd hin svokölluðu „nýju hjónabandslög“ en þrátt fyrir að þau væru stórsigur fyrir kínversk kvenréttindi þá reyndist erfitt að fylgja þessum lögum eftir. Háværar mótmælaraddir heyrðust frá karlmönnum í ríkisstjórninni sem höfðu áhyggjur af réttindum bændakarla í kínversku sveitunum og áhrif þess að konur ættu rétt á að skilja við menn sína og taka hluta af eignum þeirra ásamt því að eyðileggja orðspor þeirra í sveitunum. Þessar háværu raddir urðu til þess að þegar konur fóru að sækja um skilnað þá fundu þær að engin ríkisstofnun var tilbúin til að koma þeim til aðstoðar í gegnum málaferlin og enduðu þær því flestar á því að snúa aftur heim til eiginmanna sinna. (Diamant, 2000) Þannig mætti segja að „nýju hjónabandslögin“ hafi verið dauðadæmd frá upphafi.

Áróðursveggspjöld á tímum menningarbyltingarinnar sem hófst 1966 sýna konur í jákvæðu ljósi að vinna á ökrum og verksmiðjum og mjög var haldið á lofti hinni frægu setningu Mao, sem hann hafði tjáð mörgum árum fyrr, „að konur halda uppi hálfum himninum.“ Það að leiðtogi Alþýðulýðveldisins Kína lýsti yfir stuðningi við jafnrétti kynjanna og að veggspjöldin fengju mikla útbreiðslu til að sýna að konur gætu unnið sambærileg störf og karlar hefði átt að skipta sköpum. (Du, 2022)

Byltingarleiðtogar Kína sóttust eftir að konur yrðu jafnar í samfélaginu með að leggja áherslu á menntun þeirra, láta þær vinna utan heimilsins og með breytum hjónabandslögum og sama af hvaða samfélagsstigi þær voru frá. (Gamer & Toops, 2017)

Í grein sem Helen Gao skrifaði í *New York Times* sagði hún frá ömmu sinni sem hafði starfað sem blaðakona í á fyrstu áratugum Alþýðulýðveldisins Kína. Þar talar Gao um að amma hennar endurtók oft að „Kommúnistarnir gerðu margt hræðilegt, en þeir gerðu líf kvenna betra.“ Með þessu á Gao við að kennt var í sögutímum í skólum að kommúnistarnir björguðu konum frá kúgun konfúsíks feðraveldis og komu þeim á atvinnumarkaðinn. (Gao, 2017) Gao bendir hins vegar á að þrátt fyrir aukna atvinnuþátttöku kínverskra kvenna hvíldi ábyrgð heimilsstarfanna ennþá á þeim og þær náðu sjaldan að komast í ábyrgðarstöður á vinnustöðum sínum. (Gao, 2017)

Í landskosningum árið 1953 bauðst kínverskum konum formlegt tækifæri til að komast á öll stjórnunarstig kínverska ríkisins. Sama ár voru 980.000 konur kjörnar fulltrúar á alþýðuþingi fyrir landið allt, sem var 17,3% af heildarfjölda kjörinna einstaklinga. (Min, 2011)

Þessu var fylgt eftir í stjórnarskrá kínverska alþýðulýðveldisins sem kom út 1954 en þar segir að „Konur í Alþýðulýðveldinu Kína hafi jafnan rétt á við karla á öllum sviðum lífsins, þar með talið á sviðum stjórn mála, efnahagsmála, menningar, félagsmála og fjölskyldu.“ (Min, 2011)

Í ljósi þeirra ummæla Mao að konur gætu gert hvaðeina sem karlar taka sér fyrir hendur, byrjuðu kínverskar konur að taka þátt í stjórn málum og komust í forystustöður. Fulltrúum kvenna á Þjóðþingi (e. National People's Congress, NPC) og á ráðstefnu stjórn málaráðgjafa Kínverja (e. Chinese people's political consultant conference, CPPCC) fjölgaði á þessum tíma. Á fyrsta þingi NPC sem var árið 1954, voru 147 kvenkyns fulltrúar sem var 12% af heildarfjöldanum, sama ár á CPPCC þinginu voru 12 kvenkyns fulltrúar sem var 6,6% af heildarfjölda fólks á þinginu. (Min, 2011) Þessar tölur kunna að virðast lágar en tjáðu þó mikla framför í samanburði við sögu Kína fram að því.

Með hverju nýju þingi hækkuðu tölur kvenkyns þáttkenda og náði þátttaka kvenna í stjórn málum hámarki á áttunda áratugnum. Á fjórða þingi NPC árið 1975 voru fulltrúar kvenna 22,6% af heildarfjöldanum og einn af hverjum fjórum meðlimum fastanefnda voru kvenkyns. (Min, 2011)

Kínverska heildarkvennasambandið (e. All China Women's Federation) var stofnað árið 1949 með þau stefnumál að sameina allar konur óháð því hvaða þjóðfélagshóp eða samfélagsstétt þær tilheyrðu. Kvennasambandið vann undir Kommúnistaflokki og átti að brúa bilið á milli flokkshugmynda og hugmynda um kvenréttindi og styðja þar með baki við jafnrétti kynjanna. (Women of China, n.d.) Samtökin vinna á landsvísi, á staðbundnu og grunnstigi. Það eru rúmlega 685.000 kvennasamtök sem tilheyra Kínverska heildarkvennasambandinu og eru alls 7.8 milljónir meðlima sem gegna stjórnunarhlutverkum í samtökunum. (Women of China, n.d.)

Chen Muhua sem var formaður Kvennasambandsins á tíunda áratugnum var vonsvikin yfir þeim litlu tækifærum sem konur voru að fá í stjórnámálum og beitti sér fyrir því að innleiða að nýju kynjakvótakerfi þar sem að a.m.k. ein kona ætti að vera til staðar á hverju stigi ríkisstjórnarninar, en sú krafa náði ekki til stjórnáráðsins. (Li C. , 2022) Vísir að slíku kerfi hafði verið til staðar á 20. öld en var síðar afnumið. (Gamer & Toops, 2017)

Ef litið er til samtímans sat árið 2022 aðeins ein kona í 25 manna stjórnáráðinu (e. Politburo) og engin kona hefur setið í fastanefnd stjórnáráðsins (e. Politburo Standing Committee) sem er ædsta úrskurðarvald Kína. (Li C. , 2022) Í forystustofnunum ríkisstjórnarinnar er einn meðlimur í ellefu manna framkvæmdanefnd kona, í framkvæmdanefndinni sitja t.d. forsætisráðherra, varaforsetisráðherra og ríkisráðamenn. Í ríkisráðinu eru allir 26 ráðherrarnir karlar, í héraðsstjórnnum er ein kona sem gegnir hlutverki ritara flokksins og ein sem gegnir embætti ríkisstjóra yfir öllum 31 héraðsstjórnnum. Þrátt fyrir þessar tölur eru konur 48,7% íbúa Kína og 44,5% af vinnuafli Kína. (Li C. , 2022)

Sun Chunlan hefur gengið undir viðurnefninu Járnfrú Kína og var hún eina konan í 19. stjórnáráðinu. Hún lét af störfum á 20. þingi Kommúnistaflokksins. Sun var með titillinn varaforsetisráðherra og var skipuð sem ædsti embættismaður Kína af Xi Jinping til að hafa umsjón með viðbrögðum Kína varðandi Covid 19. Sun framfylgdi „núll Covid“ stefnu Xi Jinping. (Seibt, 2022)

„Núll Covid“ stefnan fylgdi þeirri stefnu að almenningur skyldi fórna sér landi sínu til heilla. Í samræmi við þá stefnu var sýktum einstaklingum safnað saman og þeir fluttir í bráðabirgðarsóttvarnabúðir. Starfsmenn á vegum ríkisins fóru úr húsi í hús með hitabyssur í leit að vírusnum. Á netinu hefur Sun fengið neikvæð viðurnefni eins og

„Nornin Sun“ (e. Witch Sun) og „útgöngubannsfrænkan“ (e. Lockdown auntie). (Stevenson, 2022)

Sun er ekki fyrsti kvenvaraforsetinn sem hefur lent í því að þurfa að takast á við gagnrýni almennings á aðgerðum stjórnvalda gegn smitsjúkdómum, en öflug kona að nafni Wu Yi fékk árið 2003 að erfa kreppu eftir að þáverandi heilbrigðisráðherra sagði af sér fyrir að hafa reynt að hylma yfir SARS faraldurinn.

Fubing Su, prófessor við Vassar-háskólann í Bandaríkjunum talar um að litið er á kvenkynsleiðtoga sem kynjagleraugum sem eru með neikvæða sýn á konum. Þær eru gagnrýndar sem járnkonur og „strákastelpur“ (e. Tomboy) (Stevenson, 2022)

Í Kína er skorturinn á leiðtogum af kvenkyni ekki síst áberandi í samanburði við Hong Kong og Taívan sem hafa bæði verið með kvenkynsleiðtoga. Carrie Lam var kosin árið 2017 í Hong Kong (hún lét af störfum árið 2022) og Tsai Ing-Wen var kosin árið 2016 í Taívan og gegnir ennþá í leiðtogahlutverki þar. Einnig er hægt að benda á að nágrannaríki Kína, Myanmar, Singapur, Suður-Kórea og Tæland hafa öll haft kvenkynsleiðtoga. Samanburðurinn við önnur ríki í Austur- og Suðaustur Asíu er sláandi vegna takmarkaðra möguleika kvenna til að komast í æðri stöður í Kína. (Sun, 2017)

Louise Edwards, sem hefur rannsakað kínverska sögu og kvennahreyfinguna í Kína, hefur bent á að umtalsverðar framfarir Kína hafi átt sér stað í Kína hvað varðar kvenréttindi og jafnrétti kynjana á seinustu öld. (Yang, 2021) Kínverskar konur voru lengi vel neyddar í fótabindingar<sup>1</sup>, bundnar við heimili sín og þurftu að lúta vilja annaðhvort eiginmanns eða nánasta karlkynsættinga. Á 20. öld fengu þær hins vegar aðgengi að menntun og fjárhagslegu sjálfstæði í fyrsta skipti. (Yang, 2021)

Þrátt fyrir þessar ótvíræðu framfarir gerir Edwards ljóst að framfarirnar hafi verið mjög takmarkaðar. Þrátt fyrir að „konur haldi uppi hálfum himninum“ segir hún feðraveldishugsunina ennþá vera sterka innan Kommúnistaflokksins. Karlar eru hinir raunverulegu valdhafar og konur eru í raun einungis aðstoðarmenn þeirra. Kynjakvótinn var svo afnuminn á áttunda áratugnum og í kjölfar þess varð kynjamismunurinn á vinnustöðum algengari. (Yang, 2021)

---

<sup>1</sup> Fótabindingar var kínversk hefð sem var orðin mjög útbreidd á 10. öld og hélst í heiðri uns Alþýðulýðveldið Kína var stofnað árið 1949. Þar voru stelpur frá 4 ára aldri vanskapaðar til að fylgja samfélagslegum væntingum. Fætur þeirra voru kramdir og brotnir ítrekað og lögun þeirra breytt til að auka hjónabandsmöguleika þeirra. (Malchik, 2020)

Á seinustu áratugum hefur sýn byltingamanna um kvenréttindi og jafnar stöður kynjanna farið minnkandi með breyttum áherslum á konur á vinnumarkaði og að þær séu að mennta sig. Samhliða því hafa yngri konur verið að sækja um störf sem eru ekki bara í verksmiðjum eða í sveitum. (Gamer & Toops, 2017)

### 3. #MeToo Byltingin í Kína

Árið 2017 varð svokölluð MeToo bylting sem byrjaði þegar myllumerkið #MeToo breiddist hratt út (varð „viral“) á samfélagsmiðlum. Myllumerkið átti upptök sín í Bandaríkjunum en kona að nafni Tarana Burke fann upp á því. Undir þessu merki gátu fórnarlömb kynferðisofbeldis sagt frá því sem gerðist og þróaðist byltingin út í það að greina frá nöfnum gerenda og ýta undir að gerendur fundu fyrir afleiðingum gjörða sinna. (Burke, n.d.) Þegar leikkonur stigu fram og sögðu frá kynferðislegu ofbeldi sem þær urðu fyrir í Hollywood undir þessu myllumerki vakti það heimsathygli, jafnvel í Kína. Þar tóku sögur frá konum fljótlega að birtast á samfélagsmiðlinum Weibo undir myllumerkinu #MeToo, #MeTooInChina og #我也是 (WoYeShi).

Hægt er að reka fyrstu sögunar undir #MeToo á kínverskum samfélagsmiðlum til Luo Qianqian sem sagði frá nauðgun sem hún lenti í af hendi kennara sín þegar hún var háskólanemi. Saga hennar fékk mikla athygli, vakti reiði og hneykslun og endaði gerandinn í þessu tilviki, kennarinn, á því að vera rekinn af háskólanum vegna athyglinnar sem málið fékk. (Philips, 2018)

Þegar póstar með þessum myllumerkum byrjuðu af hverfa af Weibo fóru notendur að nota tiltekna myndir (e. emoji) til að merkja sögurnar sínar. Myndirnar, hrísgrjónaskál og kanína, var valið út af framburðum tákanna fyrir hrísgrjón og fyrir kanínu en á kínversku eru þau borin fram sem „mi“ og „tu“. Fljótlega varð þessi auðkenning þekkt sem #RiceBunny á samfélagsmiðlum. (Zeng, 2018)

Ásamt sögu Luo Qianqian, þá eru nokkrar aðrar #MeToo sögur sem vöktu mestu athyglina á kínverskum samfélagsmiðlum. Sem dæmi má nefna gamalt mál sem gerðist á tíunda áratug seinustu aldar þar sem kvenkyns nemandi framdi sjálfsmorð eftir að hafa verið nauðgað af kennara sínum í Peking háskóla. Eftir að hafa orðið innblásin af #MeToo hreyfingunni tóku vinir hennar þá ákvörðun að segja sögu hennar á dánardegi hennar á meðan Qingming<sup>2</sup> hátíðin stóð yfir. Sagan fékk mikla athygli og vakti hneykslun sem

---

<sup>2</sup> Qingming hátíðin er hefðbundin kínversk hátíð þar sem Kínverjar (aðallega Han Kínverjar) fara að gröfum forfeðra sinna og sópa grafreiti og grafhýsi til að sýna virðingu og minnst þeirra. Oftast lendir hún á annaðhvort 4. eða 5. apríl. (Zhao, 2023)



endaði með að gerandinn í málinu, kennarinn, varð rekinn frá Peking háskóla. (Lin & Yang, 2019)

#MeToo byrjaði í háskólum Kína og dreifðist fljótlega yfir í aðra anga í kínversku samfélagi, t.d. í opinberum stofnunum á borð við fjölmiðla. Kona að nafni Zhou Xiaoxuan setti fram áskanir þess eðlis að vinsæll fjölmiðlamaður hjá sjónvarpsstöðinni CCTV hefði kynferðislega áreit hana þegar hún var starfsnemi hjá honum. Þetta er eitt af fáum málum sem lentu fyrir dómstól en Zhou kærði fjölmiðlamanninn og krafðist þess að fá opinbera afsökunabeiðni frá honum ásamt 50,000 RMB (rúmlega milljón íslenskar krónur) í skaðabætur. Dómstólar í Peking dæmdu fjölmiðlamanninum á endanum í hag. (Feng E. , 2021) Með svipuðum hætti var ábóta í búddaklaustri sagt upp störfum eftir að fjölmargar nunnur stigu fram og sögðu frá því að hann heimtaði kynferðislega greiða frá þeim. (Lin & Yang, 2019)

Kínverskir aðgerðarsinnar hafa tekið saman að alls hafi 36 #MeToo mál fengið athygli og umfjöllun. Að dómi þessara aðgerðarsinna sýnir þetta að #MeToo baráttan hafi skipt sköpum og ætti að vera ákveðið kennileiti í kvenréttindasögu Kína. (Lin & Yang, 2019) Stjórnvöld í Kína hafa hinsvegar einungis leyft ásökunum að vera á samfélagsmiðlum þegar það virðist hafa hentað þeim. Tvö stór dæmi eru um þetta, annars vegar þegar kvenkyns starfsmaður hjá vefverslunni AliBaba ásakaði yfirmann sinn um kynferðislegt ofbeldi og hitt málið er þegar kínverska poppstjarnan Kris Wu var handtekinn eftir að hafa verið ásakaður um nauðgun af hinni 19 ára Du Meizhu. (Teng & Beiyi, 2021)

AliBaba var þegar undir smásjá hjá ríkisstjórninni vegna gruns um ólöglega viðskiptahætti innan tæknigeirans<sup>3</sup> (e. Tech antitrust) og einokunar á markaði (e. monopoly). Yfir 6000 starfsmenn AliBaba sýndu samstöðu með þólandanum sem leiddi AliBaba til að heita því að setja reglur gegn áreiti á vinnustað. Lyktir málsins voru þær að það varð fellt niður eftir að AliBaba hafði fengið neikvæða umfjöllun á samfélagsmiðlum. (Li L. , 2021) Máli Kris Wu lyktaði hins vegar með því að hann var handtekinn grunaður um nauðgun sem er sjaldgæft í Kína en var þetta gert samhliða opinberum aðgerðum Kommúnistaflokksins gegn því sem hann skynjar sem óhóf fræga fólksins. (Teng & Beiyi, 2021)

---

<sup>3</sup> Kína hefur verið að berjast gegn einokun í tæknigeiranum og hefur sektað fyrirtæki eins og AliBaba og Tencent fyrir að hafa ekki farið eftir lögum varðandi einokun. (Q.Ai, 2022)

Þessi aðgerð gegn frægum einstaklingum grundvallast á þeirri hugsun að stærsta stjarnan í Kína á að vera Kommúnistaflokkurinn. Fræga fólkið getur verið áskorun fyrir einokun flokksins vegna þeirra áhrifa sem það getur haft á almenningssálitið, en auk þess halda aðdáendurnir jafnan með stjórnunum sínum og gagnrýna stjórnvöld þegar þau setja reglur varðandi frægt fólk. Hægt er að lýsa aðgerðinni á þann hátt að með því að refsastjórnunum þeirra er Kommúnistaflokkurinn ekki bara að minna skemmtanabransann á hver það er sem er með völdin heldur líka aðdáendur. Aðgerðirnar sýna að sama hvað einstaklingur er ríkur, vinsæll eða frægur þá getur ríkisstjórnin alltaf tekið þig niður. (Li Z. , 2021) Þar sem Kris Wu varð eitt af andlitum aðgerða gegn óhófi fræga fólksins fór fljótlega í gang herferð með það að markmiði að eyða honum út af kínverska netinu. Allir samfélagsmiðlarnir hans voru fjarlægðir og fólk sem sýndi honum stuðning lenti í því að færslum þeirra var eytt út af Weibo. Þeir reikningar sem vörðu hann mest og rifust lentu í því að vera lokaðir vegna ásakana um að „valda deilum og vandræðum“, „ráðast á stjórnvöld“ og „illgjarna markaðssetningu.“ (Zhou, 2021) Ef reynt væri að leita að nafni Kris Wu komu upp þau skilaboð að „Leitarniðurstöður er ekki hægt að birta samkvæmt viðeigandi lögum og reglugerðum.“ Málið fékk talsverða umfjöllun í fjölmiðlum og var raunar eitt af fáum málum þar sem neikvæð mynd var dregin upp af gerandanum. T.d. setti ríkisútvarpið CCTV í ritstjórnargrein hjá sér að frægð verndi mann ekki, aðdáendur verndi mann ekki og að mál Kris Wu ætti að vekja athygli hjá aðdáendum sem fullir eru af þráhyggju í garð frægra einstaklinga. (Zhou, 2021)

#MeToo hreyfingin hefur aðallega verið stafræn, bæði í Kína og annarstaðar í heiminum. Segja má að samfélagsmiðlar hafi verið vopnavæddir og orðið að stafrænu rými þar sem raddir fengu að heyrast sem venjulega fengu ekki athygli, hvorki frá almenningi, fjölmiðlum eða stjórnvöldum. (Liao & Luqiu, 2022) Ekki einungis heyrðust háværar raddir ræða um kvenréttindi og jafnrétti kynjanna, heldur komu einnig upp raddir varðandi vinnustaðaöryggi og réttindi verkamanna. En þó hefur mikið borið á því að þessar sömu raddir hafi verið þaggaðar niður af ríkisstjórninni í Kína. (Liu, 2022)

Þagganirnar hafa dregið úr stafræna rýminu sem hafði gert fólki kleift til að berjast gegn kynferðislegu áreitni. Samhliða hefur samdrátturinn endurspeglad vaxandi andúð á fórnarlömbum kynferðislegrar áreitni á samfélagsmiðlum. Þetta hefur jaðrað við kvenfyrirlitningu en mikil orðræða hefur myndast á kínverskum samfélagsmiðlum þar sem fórnarlambaskömm og nornaveiðar gegn þeim sem koma fram með reynslusögur

sínar ráða ríkjum. (Liao & Luqiu, 2022) Nettröll, sum hver á mála hjá stjórnvöldum, hafa komið því til leiðar að samfélagsmiðlareikningum þekktra femínista hefur verið eytt með því að tilkynna hatursorðræðu og að þessir reikningar séu að ýta undir kynjamismunun. (Wee, 2021) Þeir nýta sér óspart tilkynningaferlið hjá t.d. Weibo sem banna frasa eins og „karlremba“ eða „þjóðlegur karlmaður“<sup>4</sup> sem hatursorðræðu gegn kyni. Eru það aðallega kínverskir karlar sem eru að tilkynna þessi orð og líta á þau sem niðrandi orðræðu gegn sér. Samtímis er þó orðalag á borð við „tík“ sem og nauðgunarhótanir og morðhótanir í garð kvenna á Weibo látið standa. (Wee, 2021) Nettröllin hafa stóran hóp fylgismanna og eru, eins og fram hefur komið, á mála hjá stjórnvöldum eða njóta a.m.k. samþykkis þeirra. Þannig er oft sem þessar árásir séu magnaðar af ríkisstjórninni sem er með yfir 2 milljóna manns á launaskrá til að ritskoða og tilkynna reikninga sem eru að rugga bátum en það eru líka sjálfboðaliðar sem taka þátt í að vera nettröll. (Gan, CNN World, 2021)

Hugtakið Wumao (五毛) er notað yfir netröll sem starfa fyrir ríkisstjórnina en Wumao (五毛) þýðir á kínversku 5 sent sem byrjaði sem internet hugtak yfir fólk sem lætur til sín taka á netinu og fær greitt af kínversku ríkisstjórninni fyrir að setja fram athugasemdir sem eru yfirvöldum þóknanleg.

Hugtakið Ziganwu (自干五) er hins vegar notað yfir netröllin sem fá ekki borgað fyrir að tilkynna reikninga og skrifa ummæli um fólk og fyrirtæki sem þeim finnst hafa móðgað Kína eða sýnast vera á móti Kína. (Brinza, 2022) Mörg þeirra sem teljast sem Ziganwu er ungt fólk sem hefur fengið menntun sem lagði áherslu á kínverska ættjarðarást og þjóðarstolt ásamt því að minna á þjóðernislegar niðurlægingar úr sögu Kína. Því er haldið fram að þessi ungmenni leggi hatur á erlenda hugmyndafræði og séu hliðholl kínverskri menningu. (Wong, 2021)

Kínverski Kommúnistaflokkurinn hefur aukið þjóðernisáróður sinn á undanförunum árum og ýtt undir þá hugmynd að Vesturlönd og sérstaklega þá Bandaríkin séu staðráðin í því að hindra uppgang Kína. (Wang, 2020) Í því ljósi hefur femínismi verið harðlega gagnrýndur sem vestrænn áróður, sérhannaður til að skapa klofning og grafa undan kínversku ríkisstjórninni. Póstar af Weibo hafa verið merktir sem „öfgafemínismi“ og jafnvel verið kallað „netkrabbamein“ af öðrum netverjum. (Li & Lee, 2022)

---

<sup>4</sup> Þjóðlegur karlmaður 国男 (e. National Male) hefur verið notað sem niðrandi orð yfir karlmenn í Kína. (Wee, 2021)

Ekki er þó allt neikvætt í baráttunni. Í lok árs 2018 tilkynnti hæstiréttur í Kína að kynferðisleg áreitni væri gild ástæða fyrir borgaralegu málaferli og 13. júlí 2019 var fyrsta málsóknin af þessum toga sem endaði með hlutasigri stefnanda. Þessi hlutasigur telst byltingarkenndur því hann gefur tóninn fyrir sambærileg mál. (Liao & Luqiu, 2022) Árið 2020 voru sett ný borgaraleg lög í Kína þar sem kveðið var á um að „Flokkar og ríkisdeildir, fyrirtæki, skólar og aðrar stofnanir skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir og stöðva kynferðislega áreitni þar sem misnotkun á sér stað á völdum eða stöðum.“ (Liao & Luqiu, 2022)

Fyrir þessi lög hafði Kína ekki haft ítarlegan lagabálk um kynferðislega áreitni. Löggjöf síðan 2005 fjallaði um réttindi og hagsmuni kvenna þar sem kynferðisleg áreitni gagnvart konum er bönnuð og þolendum veittur sá réttur að leggja fram kvörtun til vinnuveitanda eða löggæslu. Hinsvegar er engin skýr skilgreining í þeim lögum hvað kynferðisleg áreitni er. Bætt var við árið 2012 að vinnuveitendur ættu að koma í veg fyrir og stöðva kynferðislega áreitni gegn kvenkyns starfsmönnum á vinnustað. Enn og aftur vantaði að skilgreina hvað kynferðisleg áreitni er og hvaða skyldur vinnuveitendur hafa til að innleiða kvörtunarferlið. (Durham, 2021)

Með löggjöf frá 2021 eru komnar framfarir með orðalagið varðandi kynferðisofbeldi. Þar er tekið fram að einstaklingurinn geti höfðað einkamál á hendur einstaklingi sem beitir kynferðislegu áreitni með því að taka dæmi um hvað kynferðisleg áreitni er „í formi munnlegra ummæla, ritaðs máls, mynda, líkamlegrar hegðunar eða annað gegn vilja hans.“ Þarna er hugtakið kynferðisleg áreitni skilgreint í fyrsta skipti í kínverskri löggjöf ásamt því að fórnarlambið er ekki bara bundið við konur í löggjöfinni. Þessi löggjöf á hinsvegar ennþá bara við um á vinnustaði og hafa gagnrýnendur bent á að með þessu orðalagi getur kynferðisleg áreitni utan líkamlegs vinnuumhverfis eða í félagslegum aðstæðum eftir venjulegan vinnutíma ekki talist kynferðisleg áreitni í starfi. (Durham, 2021)

## 4. Femínistarnir fimm

Í bókinni *Betraying Big Brother* fer Leta Hong Fincher í gegnum söguna af hópnum sem gengur undir nafninu „Feminist Five“, af mótmælum þeirra, handtöku og hvernig komið var fram við þær í 37 daga varðhaldi. (Fincher, *Betraying Big Brother*, 2018) Konurnar fimm, Wei Tingting, Li Tingting (einnig kölluð Li Maizi), Wu Rongron, Wang Man og Zheng Churan (sem gekk undir nafninu Datu) voru handteknar vegna ásakana um að hafa stofnað til illdeilna og efnt til vandræða. (e. Picking quarrels and provoking trouble) (Zheng, 2015) Flestir fræðimenn eru þó sammála um að þær hafi einungis stundað friðsamleg mótmæli.

Þessar fimm konur höfðu tekið þátt í mismunandi verkefnum, þ.á m. „blóðugu brúðirnar“ sem voru mótmæli sem fóru fram á Valentínusardaginn árið 2012, þar sem Zheng Churan, Li Miazi og Wei Tingting gengu niður götur í Peking til að mótmæla lagaleysi gegn heimilsofbeldi. Í því samhengi má minnst á að fyrstu lögin í Kína sem minnst á refsingu fyrir heimilsofbeldi voru ekki sett fyrr en árið 2016.

Einnig báru þær ábyrgð á mótmælunum sem eru kennd við „sköllóttu systurnar“ þar sem þær rökuðu af sér hárið á almannafæri í Guangzhou til að mótmæla mismunun gegn konum í inngönguprófum í háskóla. Margir skólar kröfðust þess að konur þyrftu hærri einkunnir en karlar til að fá inngöngu til að leggja stund á sama nám. (Fincher, *Betraying Big Brother*, 2018)

En það vakti athygli stjórnvalda þegar Zheng Churan fékk styrk frá sænska utanríkisráðuneytinu til að framleiða límmiða sem áttu að vekja athygli á samfélagsmiðlum um kynferðisáreitni í almenningssamgöngum. Voru límmiðarnir með mismunandi teiknuðum myndum og slagorðum varðandi kynferðislega áreitni. Zheng Churan tekur dæmi í viðtali við Leta Hong Fincher í bókinni *Betraying Big Brother* um límmiða með teikningu af öskrandi konu með texta beggja megin við sig sem segja á kínversku „öskraðu“ og „berjumst við blóðsugurnar“. (Fincher, *Betraying Big Brother*, 2018) Leta Hong Fincher setur fram þá tölfræði að yfir 53% kvenna sem nýta sér almenningssamgöngur verða fyrir kynferðislegri áreitni. Þessar tölur fékk hún frá kínverska tímaritinu *China Youth Daily* sem er rekið af Kínverska kommúnistaflokknum. En límmiðarnir fengu góðar undirtektir hjá háskólanemum og voru margir sem tóku myndir af sér með límmiðana á samfélagsmiðlum. (Fincher, *Betraying Big Brother*, 2018)

Fincher segir frá því að femínistarnir fimm voru allar sóttar af heimilum sínum af óeinkennisklæddum mönnum, sem hvorki sýndu leitarheimildir né einhverskonar skilríki upp á hverjir þeir væru og hjá hvaða stofnun þeir ynnu. Þeir létu þess heldur ekki getið hvers vegna verið væri að handataka þær. Þær voru síðan færðar í einangrunarklefa. Allar nema Li Maizi notuðu gleraugu vegna nærsýni. Gleraugu þeirra voru fjarlægð og segja þær að það hafi ýtt undir óöryggistilfinningu hjá þeim á meðan yfirheyrslum stóð. Bæði Wang Man og Wu Rongrong þjáðust auk þess af alvarlegum veikindum, Wang með hjartaveiki og Wu með lifrabólgu B, og þurftu að taka inn lyf. Hinsvegar hunsuðu fangaverðirnir beiðni þeirra þegar þær grátbáðu þá um að leyfa sér að taka lyfin sín.

Þar sem Wu Rongrong var greind með lifrabólgu B þegar hún var yngri og þurfti að taka lyf daglega út af veikindunum var hún mjög lasburða og slöpp, á endanum gátu fangaverðirnir ekki hunsað hana og hún var send á sjúkrahús. Þegar Wu Rongrong komst á sjúkrahúsið fengu lækna og hjúkrunafræðingar strangar skipanir þess eðlis að gæta þess að hún myndi ekki flýja og var hún því handjárnuð við rúmgrindina á ökklanum. (Fincher, *Betraying Big Brother*, 2018)

Daginn eftir að femínistarnir fimm voru handteknar byrjaði annað kvenréttindafólk að sýna þeim samstöðu á samfélagsmiðlunum Weibo og WeChat. Þessi meðferð á konunum fimm vakti mikla hneykslun á heimsvísu og var henni mótmælt með myllumerkinu #FreeTheFive sem var hvarvetna á Twitter, Facebook og Instagram. (Fincher, *Betraying Big Brother*, 2018) Kínverskar konur byrjuðu að setja inn myndir af sér á Weibo þar sem þær voru að gera hversdaglega hluti eins og að sitja í strætó eða labba um á götum borganna sinna en voru með andlitsgrímur með andlitum femínistana fimm til að koma í veg fyrir að borin yrði kennsl á þær. (Zheng, 2015) Fólk utan Kína gat a.m.k. víðast hvar sett inn á samfélagsmiðla undir sínu eigin nafni og sýnt á sér andlitið án þess að þurfa að hafa áhyggjur af einhverjum afleiðingum, en innan Kína þurfti fólk sem „póstaði“ á Weibo varðandi femínistana fimm að gæta sín á eftirlitskerfinu sem er á kínverska netinu.

Hinn svokallaði eldveggur<sup>5</sup> á kínverska netinu sem gegnir því hlutverki að loka netheim Kínverja frá umheiminum og auðveldar ritskoðun stjórnvalda á því sem netverjar

---

<sup>5</sup> Eldveggurinn eða “The Great Firewall of China” er það sem vestrænir fjölmiðlar hafa nefnt samsetningu tækja, þjónustu og reglna sem stjórnvöld í Kína nota til að loka fyrir ákveðna hluti á internetinu frá þeim sem eru í Kína. Markmiðið með þessum vegg er einkum það að tryggja að fólk í Kína hafi ekki aðgang að ákveðnum upplýsingum og skoðunum sem stjórnvöld meti sem svo að séu í trássi við almannahagsmuni.

eru að segja og gera á samfélagsmiðlum. Netritskoðendur vinna við það að eyða öllum færslum sem gætu talist móðgandi fyrir Flokkinn eða geta raskað þeirri samfélagskipan sem hann leggur blessun sína yfir.

Sem dæmi um umfang ritskoðunarinnar á netinu má nefna að á Weibo hafa verið virkir svonefndir „Big V“ áhrifavaldar, en það eru notendur með meira en tvær milljónir fylgjenda. Árið 2013 byrjuðu stjórnvöld að vara þessa „Big V“ áhrifavalda að vera sérstaklega vakandi og meðvitaðir um það sem þeir settu inn á Weibo síðuna sína. (Fincher, *Betraying Big Brother*, 2018)

Netritskoðendurnir eyddu mörgum færslum netverjar um handtöku femínistana fimm og fréttum þar sem var minnst á handtökuna þeirra. Litlu munaði að algjört bann yrði lagt við að minnast á hópinn og handtöku þeirra ásamt því að banna innlegg á samfélagsmiðlum þar sem femínismi og kvenréttindi komu til tals. Þetta bann varð þó aldrei að veruleika og héldu femínistarnir fimm áfram að fá stuðning frá t.d. háskólanemum, verkafólki og mannréttindasinum. (Fincher, *Betraying Big Brother*, 2018) Handtakan fór jafnvel að vekja athygli utan Kína þegar fólk tók að skrifa um málið á samfélagsmiðlum. Fréttablöð í öðrum löndum byrjuðu að skrifa um þetta og fengu femínistarnir fimm stuðningsmenn frá ólíklegustu stöðum, þ.á m. Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra og forsetaframbjóðanda Bandaríkjanna. Bent hefur verið á að ef flokkurinn hefði ekki látið handtaka þær, hefðu upprunalegu mótmælin með límmiðana líkast til vakið miklu minni athygli. (Rose, 2019) Það má því spyrja sig hvort hörð viðbrögð stjórnvalda þjóni endilega alltaf markmiðum þeirra sem best.

---

Eldveggurinn lokar fyrir vefsíður og getur jafnframt síað út efni á síðum sem eru ekki lokaðar. (Kerner, n.d.)

## 5. Ritskoðun og fjölmiðlabann

Kínverska tennisstjarnan Peng Shuai lenti í svokallaðari samfélagsmyrkvun og fjölmiðlabanni (e. media blackout<sup>6</sup>) eftir að hún kom fram á Weibo varðandi samband sitt við fyrrverandi varaforsætisráðherra Kína, Zhang Gaoli, árið 2018. Peng opinberaði að hún hafði verið í sambandi utan hjónabands við Zhang og að hann hafði slitið sambandinu þegar hann byrjaði að hækka í metorðastiganum í Kommúnistaflokknum. En þremur árum áður en hún skrifaði þennan póst hafði hann boðið henni í heimsókn til að spila tennis með honum og eiginkonu hans. Þar segir Peng að Zhang hafði beitt hana kynferðisofbeldi á heimili hans og að þrátt fyrir að hún væri ekki með sannanir þá ætlaði hún ekki að leyfa honum að komast upp með þetta. (Bansinath, 2022)

Í póstinum sem hún skrifaði á Weibo viðurkennir Peng að hafa engar sannanir, að jafnvel þegar þau áttu í sambandi tíu árum fyrir þá hefði Zhang alltaf verið hræddur um að hún væri að safna sönnunargögnum um framhjáald þeirra. En þrátt fyrir að vera ekki með nein sönnunargögn þá ætlaði hún að segja sannleikann um Zhang Gaoli. (Bansinath, 2022) Saga Peng Shuai var sú fyrsta til að koma fram í #MeToo byltingunni gegn háttsettum embættismanni í Kommúnistaflokkinum.

Póstur hennar fékk ekki að vera lengi á Weibo, því netritskoðendur höfðu fjarlægð hann eftir hálf tíma en hann náði samt að vekja umtalsverða athygli. Netverjar reyndu að finna póstinn, ræða hann og deila honum áfram. Ritskoðendur fjarlægðu tilvísanir í Peng og lokuðu jafnvel á almenn leitarorð sem tengdust henni, líkt og „tennis“. Engin opinber yfirlýsing kom frá Kommúnistaflokknum né Zhang Gaoli varðandi póstinn sem Peng skrifaði á Weibo. (Davidson, 2021) Eftir að pósturinn var tekinn af Weibo hvarf Peng úr sviðsljósinu. Það birtist ekki meira frá henni á Weibo og ekkert spurðist til hennar í nokkurn tíma. Mörg stór nöfn úr tennisheiminum byrjuðu að heimta útskýringar á hvarfi Peng og höfðu áhyggjur af öryggi hennar.

Upprunalegur póstur Peng var settur fram 2. nóvember og rúmum tveimur vikum síðar, eða 17. nóvember, birti CGTN, sem er fréttastöð undir stjórn Kommúnistaflokksins, mynd af skilaboðum sem áttu að vera frá Peng. (Bansinath, 2022) Í skilaboðunum tilkynnti hún að allar ásakanir hennar væru uppspuni og að hún væri við

---

<sup>6</sup> „Media blackout“ er þegar stjórnvöld setur bann við birtingu fréttu um eitthvað tiltekið efni.



góða heilsu, hún væri ekki týnd og alveg óhult. Þetta bréf dugði ekki til að sannfæra formann WTA (Women's Tennis Association), Steve Simon, sem fór fram á betri sönnunargögn um hvar Peng væri að finna og bætti því við að þetta bréf hefði bara ýtt undir áhyggjur hans um að það væri ekki allt með felldu hvað hana varðar.

Þann 19. nóvember, tveim dögum eftir að bréfið var birt, tóku myndir að birtast á samfélagsmiðlum af Peng að taka sér ýmislegt hversdagslegt fyrir hendur. Gagnrýnendur bentu á að myndirnar gætu verið gamlar og sönnuðu ekki neitt. Þá var birt myndband af Peng og þjálfaranum hennar að borða á veitingastað saman þar sem þjálfarinn endurtekur oft dagsetninguna og hafa gagnrýnendur bent á að þetta sé úthugsuð leið til að sannfæra samfélagið um að henni væri ekki haldið nauðugri. Þess má geta að á myndbandinu heyrir ekki í Peng að svara þjálfaranum. (Bansinath, 2022)

Þann 19. desember sama ár fær blaðamaður í Singapur viðtal við Peng Shuai þegar hún er stödd þar vegna íþróttaviðburðar. Áherslan í viðtalinu var á ásakanir hennar og ástæðu þess að hún hefði dregið þær til baka. Peng neitar því að hafa ásakað Zhang um kynferðislegt ofbeldi, auk þess sem hún staðfesti að bréfið sem Simon fékk frá CGTN hafi raunverulega verið verið frá henni og að CGTN hafði bara þýtt bréfið fyrir hana. Varðandi hvarf hennar af sjónarsviðinu hélt hún því fram að hún hafði aldrei lent í stofufangelsi en hefði ekki ferðast eða keppt í lengri tíma vegna COVID 19 og væri ekki undir eftirliti. Hún kvaðst undrandi á slíkri spurningu og spurði á móti hver ætti eiginlega að vera að fylgjast með henni. (Bansinath, 2022)

Margir hafa bent á að þetta viðtal sé ekki sönnun fyrir því að ásakanir hennar í garð Zhang séu uppspuni né að hún sé frjáls ferða sinna. Franski blaðamaðurinn Marc Ventouillac tók viðtal við hana árið 2022 í aðdraganda vetrarólympíuleikanna í Peking. Mat hans eftir þetta viðtal við Peng, þar sem fulltrúi Kínversku ólympíunefndarinnar sat með þeim, að hann væri óviss hvort Peng væri frjáls og það væri ómögulegt að segja því þessi viðtöl sanni ekki öryggi hennar og frelsi. Hann upplifði viðtalið sem áróður af hendi Kínversku ólympíunefndarinnar sem virtist binda þá von í brjósti að viðtalið sannfærði heiminn um að allt væri í himnalagi hjá Peng Shuai. (Associated Press, 2022)

Ekki verður staðfest hvort þarna hafi flokkurinn haft bein afskipti en eins og umfjöllunin sýnir eru margir fullir grunsemda. Það má svo nefna fleiri dæmi um ritskoðun og fjölmiðlabann hjá Kommúnistaflokknum hvað sambærileg mál varðar.

Árið 2021 hurfu þrír aðgerðarsinnar með sama hætti og Peng Shuai. Þetta voru þau Wang Jianbing, Sophia Huang Xueqin og Fang Ran. Wang og Fang höfðu vakið athygli á bágum aðstæðum verkafólks og Sophia Huang tók þátt í #MeToo byltingunni. Þau þrjú voru flutt í það sem kallað er á ensku „Residential surveillance at a designated location“ (RSDL) eða „eftirlit á borgurum á tiltekinni staðsetningu“. (Su, 2021) RSDL er lýst sem „þvinguðu mannshvarfi“ af mannréttindahópum. Árið 2012 varð refsilögunum í Kína breytt þar sem kínverska lögreglan fékk þá lagaheimild að geta tekið hvern sem er – hvort sem um er að ræða Kínverja eða útlending – í varðhald í allt að sex mánuði á ákveðinn stað án þess að þurfa að láta vita af staðsetningu þeirra. Samkvæmt réttindahópnum Safeguard Defenders<sup>7</sup> hafa 27.208 og allt að 56.963 manns farið í gegnum RSDL síðan 2013. Erfitt er að vera með eina rétta tölu yfir fólk sem hefur lent í RSDL þar sem réttindahóparnir eru að fá heimildir sínar frá fólki sem hefur losnað ásamt skjölum frá yfirvöldum sem eru ekki viss að séu nákvæm. (Hale, 2021)

Wang og Huang voru seinna færð úr RSDL yfir í formlegt varðhald í Guangzhou en um staðsetningu Fang er enn ekki vitað þegar þessi orð eru rituð. Margir sem lenda í RSDL eru ásakaðir um að setja þjóðaröryggi Kínverja í hættu; þetta geta verið lögfræðingar sem sérhæfa sig í mannréttindum, pólitísk andófsfólk og fólk sem tilheyrir trúarlegum eða þjóðernislegum minnihlutahópum.

Þetta bendir til þess að barátta um bætt réttindi kvenna og verkafólks, sem áður var hægt að flokka sem örugg mál fyrir aðgerðasinna til að berjast fyrir, er nú álitin af Kommúnistaflokknum sem ógn við stöðugleika kínversks samfélags. (Su, 2021)

---

<sup>7</sup> Safeguard Defenders fengu þessar tölur upp úr réttarskjölum dómstóla Kína. (Safeguard Defenders, 2021)

## 6. Staða kvenna í dag og „afgangskonurnar“ í Kína.

Árið 2016 datt einbirtisreglan í Kína úr gildi og tók við tveggjabarnareglan sem átti að hjálpa við að hækka fæðingartölur. Þrátt fyrir þetta fór fæðingartölum enn lækkandi. Xi Jinping tilkynnti árið 2021 að nú mættu þör eignast þrjú börn og að ríkisstjórnin myndi veita barnafjölskyldum stuðning. Sú ráðstöfun átti að svara þeirri viðtæku gagnrýni að í Kína væri afar dýrt að ala upp börn. (McDonell, 2021)

Kínverskt manntal hefur ekki lækkað svona mikið síðan í hungursneyðinni miklu á tímum Mao, þ.e. í „stóra stökkinu fram á við“ sem hleypt var af stokkunum árið 1958. Sum héruð í Kína hafa gengið lengra en þriggja barna reglan, t.d hefur Sichuan héraðið leyft ógiftum þörum að eignast börn og fá þau sömu fríðindi og hjón fá frá ríkinu. Fyrir þessa löggjöf var ólöglegt fyrir einhleypar mæður að skrásetja börnin sín við fæðingu. (Guinto & Ng, n.d.) Án slíkrar skrásetningar fá þær ekki aðgengi að mæðratryggingu og geta ekki fengið fæðingarvottorð fyrir barnið. Með fæðingarvottorðinu verður barnið skráð í svokallað hukou<sup>8</sup> en án hukouskráningar hafa börnin hvorki aðgang að heilsugæslu né menntun. Móðirin fær áður nefnda mæðratryggingu sem nær til heilsugæslu fyrir fæðingu, læknskostnað vegna fæðingarnar og greitt fæðingarorlof. Embættismenn í Sichuan hafa sagt að þessar breytingar á lögum séu til að vernda réttindi einstæðra mæðra, en ekki til að hvetja ógifta einstaklinga til að verða foreldrar. (Gan, 2023)

Frá árinu 2007 hefur hugtakið „afgangskona“ (e. leftover woman) verið notað yfir konur yfir 27 ára sem eru ógiftar. Þessar konur geta verið með háskólagráður og blómlega starfsferla en í ríkisstýrðum fjölmiðlum er oft ýjað að því að þær séu einskis virðis án þess að hafa eiginmenn eða börn. Kínverska heildarkvennasambandið hefur tjáð sig um málið og ýtt undir notkun hugtaksins með að semja greinar á vefsíðu sinni þar sem konur eru varaðar við að enda sem afgangskonur, að konur þurfa að passa sig vegna þess að þær verða minna virði því eldri sem þær verða.

---

<sup>8</sup> Hukou kerfið í Kína var kynnt árið 1958 sem nútímaleg aðferð við íbúaskráningu. Þetta var sett fram sem hluti af umbótum á efnahagslegum og félagslegum sviðum á fyrstu árum kommúnistastjórnarinnar. Árið 1985 varð Hukou kerfið meiri partur af hversdagslegu lífi með því að útvega persónuskilríki. Á þessum skilríkum kemur fram lögheimili, starfssvið, trúarbrögð og líkamleg lýsing einstaklings sem hukouíð tilheyrir. (Boquen, 2023)

Þrátt fyrir að kínverskir fjölmiðlar ræða mikið um svokallaðan faraldur ógiftra kvenna í Kína þá eru í raun fleiri kínverskir karlar sem enda sem „afgangsmenn“, að mestu leyti vegna þess að meðan á einbirtisreglunni stóð voru drengir álitnir álitlegri og litið var á dætur sem nokkurs konar mínus þar sem þær myndu alltaf tilheyra fjölskyldu eiginmannsinnis. (Gamer & Toops, 2017) Kína hefur látið fara fram manntal einu sinni á hverjum áratug og kom fram í manntali frá maí 2021 að það voru rúmlega 35 milljón fleiri einhleypir karlar en einhleypar konur í landinu og er helmingur þeirra á „hjúabandsaldri“ (20 til 40 ára). (Feng J. , 2021)

Tvö ofbeldismál gegn konum vöktu athygli og kyntu undir svo mikla gagnrýni í Kína að þau urðu til þess að gripið var til fátíðra aðgerða. Fyrri málið átti sér stað í suðaustur Kína árið 2022 og er þolandinn kona sem hefur verið kölluð „Litla plómublómið“ af yfirvöldum til að halda nafnleynd yfir henni. Bloggari nokkur hafði verið að gera heimildarmynd um fátækt á svæðinu þegar hann gekk að kofa og sá konu standandi þar inni, hlekkjaða og með lás um hálsinn. Hún var illa klædd til að verja sig gegn kulda og virtist augljóst að hún væri hrædd og ringluð. Aðstæður konunar þóttu ekki síst sláandi vegna þess að ekki hafði verið reynt að fela hana; hver sem var gat gengið framhjá kofanum og séð hana hlekkjaða þar inni. Almennigur byrjaði nú að spyrja spurninga um hvernig í ósköpunum þetta hafði farið framhjá yfirvöldum sem eru þekkt fyrir að fylgjast með nánast öllu því sem gerist í Kína.

Ríkisstjórnin ritskoðaði og eyddi myndböndum af konunni og umræðuþráðum um hana af samfélagsmiðlum, sérstaklega þegar athygli heimsins var á Kína út af vetrarólympíuleikunum í Beijing árið 2022. Samkvæmt nýjustu skýrslum yfirvalda varðandi konuna hefur komið í ljós að hún ber eftirnafnið Yang og er 44 ára. Yang var fórnarlamb mansals og hafði hún verið seld sem brúður tvisvar á tíunda áratugnum. Aðgerðarsinnar sem höfðu reynt að heimsækja þorpið hennar voru handteknir og fólki sem reyndi að gera sínar eigin rannsóknir á ævi Yang var hótað af yfirvöldum ásamt því að áreita þá sem voru háværastir að heimta nánari rannsókn á málinu.

Á sama tíma og hneykslið vegna Yang gekk yfir kom upp annað atvik í Shaanxi héraði þar sem karlmaður neyddi heimilslausa konu í hjónaband og læsti hana svo inni í búi. Hann hafði náðst á myndband þar sem hann viðurkenndi að hafa eignast tvö börn með konunni, dreng sem hann ól upp og stúlku sem hann seldi til nágrennaþorps þegar hún fæddist. (Barr & Wang, 2022)

Í Kína fyrir byltingu kommúnista var algengt að konur og dætur voru seldar, ekki bara í hjónabönd heldur líka sem þrælur. (Gamer & Toops, 2017) Þessi mál eru ekki þau fyrstu sem eru að koma Þar sem konur eru nú mun færri en karlmenn hafa margir þeirra leitað til nágrannalanda og keypt brúðir þaðan. Þetta er vandamál sem verður æ erfiðara fyrir ríkisstjórnina að hunsu, reiði kínverskra borgara er óðum að beinast að yfirvöldum sem hefur mistekist að vernda þessar konur. (Barr & Wang, 2022)

Seinna málið átti sér stað á veitingastað í borginni Tangshan. Vinkonuhópur sat og snæddi saman þegar karlmaður labbaði upp að þeim og fór að snerta eina þeirra. Sú sem var snert hrökk við og sagði honum að fara í burtu. Í staðinn fyrir að hlýða því réðst maðurinn á stelpuna, sló hana í höfðuðið og kastaði henni í jörðina. Vinir hans gengu til liðs við hann og notuðu flöskur og stóla til að lemja stelpuna og vinkonur hennar, tvær þeirra voru dregnar út af veitingastaðnum þar sem sparkað var í höfuð þeirra. (BBC News, 2022)

Árásin náðist á eftirlitsmyndavélar og enduðu tvær úr vinkonuhópnum á gjörgæslu en hinar tvær sáu st þaktar blóði þrátt fyrir að sagt væri að þær væru með minniháttar meiðsli. Forsprakki ofbeldismannanna var á endanum fundinn sekur um líkamsárás og fékk 24 ára fangelsisdóm ásamt því að vera sektaður um 320.000 RMB (rúmar sex milljónir íslenskra króna) en 27 aðrir karlmenn voru einnig dæmdir fyrir ofbeldið gegn konunum fjórum, fengu þeir fangelsisdóma frá sex mánuðum upp í 11 ár. (BBC News, 2022)

Í skýrslu sem var gefin út skömmu eftir að líkamsárásin kom í ljós og varð hitamál á Weibo að meðferð málsins hjá staðgengli lögreglustjóra og annarra lögreglumanna hafði verið „hæg og óviðeigandi.“ (BBC News, 2022) Í kjölfarið tóku kínversk yfirvöld að ritskoða umræðu á samfélagsmiðlum um árásirnar á konurnar og reyndu að skilgreina málið sem klíkuglæpi en ekki sem ofbeldi gegn konum. (BBC News, 2022)

Samtökin UNFPA (United Nations Population Fund) gerði rannsókn sem fólst í viðtölum við 1017 kínverska karlmenn og 1103 kínverskar konur á aldursbilinu 18 til 49 ára í ónefndri sýslu í miðhluta Kína. Þar kom fram að einn af hverjum tveimur karlmönnum sem var rætt við sagði að hann hafði beitt kvenkyns maka líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi á lífsleið sinni. (UNFPA China, 2013) Í rannsókninni kom einnig

fram að 38% kvenna hefðu orðið fyrir andlegu ofbeldi í sambúð og 43% karlanna segjast hafa beitt kvenkyns maka andlegu ofbeldi. Það kom fram að karlarnir byrja að beita ofbeldi mun yngri en áður var talið. Af þeim karlmönnum sem sögðust hafa framið nauðgun voru 24% á aldrinum 15 til 19 ára en af þeim karlmönnum sem viðurkenndu að hafa nauðgað urðu 75% ekki fyrir neinum lagalegum afleiðingum. (UNFPA China, 2013) Algengasta ástæða nauðgunar meðal gerenda er sú trú að karlar eigi rétt á kynlífi með konum óháð samþykki og gáfu alls 86% nauðgara upp þetta svar í rannsókninni. (UNFPA China, 2013)

## 7. Niðurstöður

Í þessari ritgerð hafa verið tiltekin nokkur sláandi dæmi um það hvernig kínverskur femínismi er undir sífelldri ritskoðun frá öllum hliðum samfélagsins. Ritskoðunin getur komið frá yfirvöldum, samfélaginu og jafnvel innan kvenréttindahópanna sjálfra.

Rannsóknarspurningin sem lagt var upp með í þessari ritgerð var hvaða áhrif ritskoðun og ígrip Kommúnistaflokksins hefur haft á kvenréttindi í Kína. Svárið við þeirri spurningu er að sífelld ígrip flokksins hafa haft þau áhrif að kvenréttindasinnar búa í sífelldum ótta við að vera næst í röð þeirra sem eru hneppt í gæsluvarðhald fyrir það eitt að tjá eitthvað sem stjórnvöldum þóknast ekki á samfélagsmiðlum, að taka þátt í friðsamlegum mótmælum eða vera í félagsskap með þekktum kvenréttindasinum sem yfirvöld fylgjast með.

Afar óheppilegt er að barátta kvenna fyrir jafnfrétti hneigist til að vera skilgreind af kínverskum yfirvöldum sem "vestrænn" áróður, því þar með reynist enn erfiðara fyrir femínista að stuðla að eðlilegri umræðu um þetta mikilvæga mál sem snertir öll samfélög.

Eins og staðan er í dag, þá munu koma upp hitamál þar sem bæði menn og konur munu rísa upp og gagnrýna yfirvöld, femínistum og baráttukonum til stuðnings. Því miður er það þó svo að eins hratt og þessi hitamál koma upp og eru á hvers manns vörum, þá koðna þau niður og konurnar sem fólkið ætlaði aldeilis að berjast fyrir gleymast fyrir vikið. Vissulega hefur margt áunnist í baráttunni fyrir jafnfrétti kynjanna í Kína, jafnvel á seinustu árum, en ritskoðunin hægir óneitanlega á þróuninni og fyrir vikið fjölgar fórnarlömbunum úr röðum kvenna



## Heimildaskrá

- Associated Press. (9. February 2022). *Journalist who interviewed Peng Shuai casts doubt over her freedom*. Sótt frá The Guardian: <https://www.theguardian.com/sport/2022/feb/09/journalist-who-interviewed-peng-shuai-casts-doubt-over-her-freedom>
- Bansinath, B. (8. February 2022). *What We Know About the Disappearance of Peng Shuai*. Sótt frá The Cut: <https://www.thecut.com/2022/02/the-disappearance-of-peng-shuai-what-we-know.html>
- Barr, H., & Wang, Y. (7. June 2022). *Chained woman has become the face of bride trafficking in China*. Sótt frá Human Rights Watch: <https://www.hrw.org/news/2022/06/07/chained-woman-has-become-face-bride-trafficking-china>
- BBC News. (23. September 2022). *China Tangshan attack: Man who attacked female diners jailed for 24 years*. Sótt frá BBC News: <https://www.bbc.com/news/world-asia-china-63005920>
- BBC News. (24. June 2022). *Tangshan and Xuzhou: Fury and questions over China's treatment of women*. Sótt frá BBC News: <https://www.bbc.com/news/world-asia-china-61906803>
- Boquen, A. (28. March 2023). *What Is the Hukou System in China? – Definition, Pros & Cons*. Sótt frá NH Global: <https://nhglobalpartners.com/the-chinese-hukou-system-explained/>
- Brinza, A. (7. January 2022). *Online Warriors Are a Risky but Useful Tool for Beijing*. Sótt frá Foreign Policy: <https://foreignpolicy.com/2022/01/07/china-online-warriors-red-guards/>
- Burke, T. (án dags.). *History and inception*. Sótt frá Metoo: <https://metoomvmt.org/get-to-know-us/history-inception/>
- Davidson, H. (19. November 2021). *The disappearance of Peng Shuai: what happened to the Chinese tennis star?* Sótt frá The Guardian: <https://www.theguardian.com/sport/2021/nov/19/the-disappearance-of-peng-shuai-what-happened-to-the-chinese-tennis-star>
- Diamant, N. J. (March 2000). Re-Examining the Impact of the 1950 Marriage Law: State Improvisation, Local Initiative and Rural Family Change. *The China Quarterly*, 171-198.
- Du, E. (15. May 2022). *“Women Hold Up Half the Sky”: A Woman’s Role during the Cultural Revolution*. Sótt frá Union College: <https://muse.union.edu/aah194-sp22/2022/05/15/women-hold-up-half-the-sky-a-womans-role-during-the-cultural-revolution/>
- Durham, M. (12. February 2021). *China’s New Civil Code and Its Impact on Harassment*. Sótt frá SHRM: <https://www.shrm.org/resourcesandtools/hr-topics/global-hr/pages/china-civil-code-harassment.aspx>
- Feng, E. (15. September 2021). *Court Ruling Deals A Blow To China's Faltering #MeToo Movement*. Sótt frá NPR:



- <https://www.npr.org/sections/goatsandsoda/2021/09/15/1037360295/court-ruling-deals-a-blow-to-chinas-faltering-metoo-movement?t=1632493528101>
- Feng, J. (18. May 2021). *China Has Nearly 35 Million More Single Men Than Women*. Sótt frá Newsweek: <https://www.newsweek.com/china-has-nearly-35-million-more-single-men-women-1592486>
- Fincher, L. H. (2014). *Leftover Women*. Bloomsbury Academic & Professional.
- Fincher, L. H. (2018). *Betraying Big Brother*. London: Verso.
- Gamer, R. E., & Toops, S. W. (2017). *Understanding Contemporary China*. London: Lynne Rienner Publishers.
- Gan, N. (19. April 2021). Sótt frá CNN World: <https://edition.cnn.com/2021/04/19/china/china-feminists-silenced-intl-hnk-dst/index.html>
- Gan, N. (1. February 2023). *Chinese province drops restrictions on unmarried people having children in bid to halt plummeting birth rate*. Sótt frá CNN World: <https://edition.cnn.com/2023/01/31/china/china-sichuan-birth-registration-unmarried-intl-hnk/index.html>
- Gao, H. (27. September 2017). *How Did Women Fare in China's Communist Revolution?* Sótt frá New York Times: <https://www.nytimes.com/2017/09/25/opinion/women-china-communist-revolution.html?smid=tw-nytopinion&smtyp=cur>
- Guinto, J., & Ng, K. (án dags.). *China seeks bold steps to lift birth rate*. Sótt frá BBC News: <https://www.bbc.com/news/world-asia-china-64594469>
- Hale, E. (28. December 2021). *Activists denounce China's secret residential surveillance system*. Sótt frá Aljazeera: <https://www.aljazeera.com/news/2021/12/28/thousands-detained-in-chinas-residential-surveillance-system>
- Kerner, S. M. (án dags.). *Great Firewall of China*. Sótt frá Tech Target: <https://www.techtarget.com/whatis/definition/Great-Firewall-of-China>
- Li, C. (19. August 2022). *Female representation in the Chinese leadership: Countdown to CCP's 20th party congress*. Sótt frá Think China: <https://www.thinkchina.sg/female-representation-chinese-leadership-countdown-ccps-20th-party-congress>
- Li, L. (14. September 2021). *Alibaba accuser facing lawsuits as China #MeToo backlash builds*. Sótt frá Washington Post: [https://www.washingtonpost.com/world/metoo-alibaba-china/2021/09/14/9363c548-152a-11ec-a019-cb193b28aa73\\_story.html](https://www.washingtonpost.com/world/metoo-alibaba-china/2021/09/14/9363c548-152a-11ec-a019-cb193b28aa73_story.html)
- Li, Z. (17. December 2021). *What's behind China's crackdown on celebrities?* . Sótt frá The Diplomat: <https://thediplomat.com/2021/12/whats-behind-chinas-crackdown-on-celebrities/>
- Li, Z., & Lee, J. (15. July 2022). *Chinese Feminists Caught Between a Rock and the Party*. Sótt frá The Diplomat: <https://thediplomat.com/2022/07/chinese-feminists-caught-between-a-rock-and-the-party/>
- Liao, S., & Luqiu, R. (9. September 2022). *Four Years After #MeToo in China: Shrinking Digital Space for Change*. Sótt frá The Diplomat:

- <https://thediplomat.com/2022/09/four-years-after-metoo-in-china-shrinking-digital-space-for-change/>
- Lin, Z., & Yang, L. (2019). Individual and collective empowerment: Women's voices in the #MeToo movement in China. *Asian Journal of Women Studies*, 117-131.
- Liu, S. J. (10. November 2022). *China's top leadership excludes women for the first time in two decades*. Sótt frá Washington Post: <https://www.washingtonpost.com/politics/2022/11/10/china-xi-party-gender-gap/>
- Malchik, A. (14. February 2020). *The Neglected Consequences of Foot-Binding*. Sótt frá The Atlantic: <https://www.theatlantic.com/health/archive/2020/02/lasting-damage-foot-binding/606439/>
- McDonnell, S. (31. May 2021). *China allows three children in major policy shift*. Sótt frá BBC News: <https://www.bbc.com/news/world-asia-china-57303592>
- Min, D. (2011). From Men-Women Equality to Gender Equality: the zigzag road of women's political participation in China. *Asian Journal of Women's Studies*, 7-24.
- Philips, T. (9. Janúar 2018). *China's women break silence on harassment as #MeToo becomes #WoYeShi*. Sótt frá The Guardian: <https://www.theguardian.com/world/2018/jan/09/china-women-break-silence-harassment-metoo-woyeshi>
- Q.Ai. (13. July 2022). *Alibaba And Tencent Fined In China Tech Crackdown*. Sótt frá Forbes: <https://www.forbes.com/sites/qai/2022/07/13/alibaba-and-tencent-fined-in-china-tech-crackdown/?sh=10f52d3b3dac>
- Rose, K. (2019). Betraying big brother: the feminist awakening in China. *Asian Journal of Women's studies; Seoul*, 486-489.
- Safeguard Defenders. (2021). *Follow-up Submission on China's mass use of Residential Surveillance at a Designated Location (RSDL)*. Madrid: Fundacion Safeguard Defenders.
- Seibt, S. (17. October 2022). *Women hit the political glass ceiling at China's communist party congress*. Sótt frá France24: <https://www.france24.com/en/asia-pacific/20221017-women-hit-the-political-glass-ceiling-at-china-s-communist-party-congress>
- Stevenson, A. (20. October 2022). *For women in China's Communist Party, it's lonely at the top*. Sótt frá The Japan Times.
- Su, A. (24. June 2021). *He tried to commemorate erased history. China detained him, then erased that too*. Sótt frá Los Angeles Time: <https://www.latimes.com/world-nation/story/2021-06-24/china-world-history-erasure-youth-censorship>
- Su, A. (1. December 2021). *They helped Chinese women, workers, the forgotten and dying. Then they disappeared*. Sótt frá Los Angeles Time: <https://www.latimes.com/world-nation/story/2021-12-01/china-disappearances-gender-labor-class>
- Sun, Y. (25. October 2017). *Why China has so few female leaders*. Sótt frá CNN: <https://edition.cnn.com/2017/10/22/asia/china-female-leaders/index.html>

- Teng, J. X., & Beiyi, S. (22. November 2021). *China's #MeToo movement faces crackdown*. Sótt frá The Asean Post: <https://theaseanpost.com/article/chinas-metoo-movement-faces-crackdown>
- UNFPA China. (6. December 2013). *A glimpse into why some Chinese men use violence against women and girls*. Sótt frá UNFPA: <https://china.unfpa.org/en/news/glimpse-why-some-chinese-men-use-violence-against-women-and-girls>
- Wang, Y. (1. September 2020). *In China, the 'Great Firewall' Is Changing a Generation*. Sótt frá Human Rights Watch: <https://www.hrw.org/news/2020/09/01/china-great-firewall-changing-generation>
- Wee, S. L. (24. April 2021). *Women Are Battling China's Angry Trolls. The Trolls Are Winning*. Sótt frá New York Times: <https://www.nytimes.com/2021/04/24/world/asia/china-feminism-weibo.html>
- Why is the May 4th Movement a Turning Point in Modern Chinese History?* (án dags.). Sótt frá Carnegie Council for Ethics in International Affairs: <https://www.carnegiecouncil.org/explore-engage/classroom-resources/1919-the-year-of-the-crack-up/china-protests>
- Women of China. (án dags.). *About the ACWF*. Sótt frá Women Of China - All China Women's Federation: <https://www.womenofchina.cn/womenofchina/html1/about/1503/2333-1.htm>
- Wong, T. (21. October 2021). *China: The patriotic 'ziganwu' bloggers who attack the West*. Sótt frá BBC World: <https://www.bbc.com/news/world-asia-china-58922011>
- Yang, S. (7. June 2021). *China is repressing the feminist movement, but women's voices are only getting louder*. Sótt frá ABC News: <https://www.abc.net.au/news/2021-06-08/feminism-in-china-internet-crackdown-erase-womens-voices/100165360>
- Zeng, J. (6. February 2018). *From #MeToo to #RiceBunny: how social media users are campaigning in China*. Sótt frá The Conversation: <https://theconversation.com/from-metoo-to-ricebunny-how-social-media-users-are-campaigning-in-china-90860>
- Zhao, R. (5. January 2023). *Qingming Festival 2023*. Sótt frá China Highlights: <https://www.chinahighlights.com/festivals/qingming-festival.htm>
- Zheng, J. (17. April 2015). *The Guardian*. Sótt frá The Guardian: <https://www.theguardian.com/lifeandstyle/2015/apr/17/chinas-feminist-five-this-is-the-worst-crackdown-on-lawyers-activists-and-scholars-in-decades>
- Zhou, V. (6. August 2021). *#MeToo hits one of China's biggest celebrities. The state is taking credit*. . Sótt frá Vice: <https://www.vice.com/en/article/epn8ne/metoo-china-kris-wu-rape>

## Viðauki